

**Reykjanesbær**

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbæ

**Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum við Nesveg (425-01), Hafnir – Hafnarsandur styrking og breikkun.**

Með bréfi þessu er þér, sem hagsmunaaðila tilkynnt um að fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Nesveg (425-01), sjá meðfylgjandi mynd/uppdrátt: *Nesvegur, Hafnir – Hafnarsandur, Yfirlitsmynd st. 760-5500*, sbr. fskj. 1.

Um er að ræða endurbyggingu á allt að 4,9 km löngum kafla Nesvegar (425-01) frá Höfnum og suður að Hrafnasandi og er undirbúningur verksins hafinn innan Vegagerðarinnar. Vegurinn er tengivegur af vegtegund C8. Framkvæmdir verða innan þess vegsvæðis sem tilheyrir núverandi vegi og er í umsjá Vegagerðarinnar (6 metrar frá miðlínu vegarins til beggja handa) og er framkvæmdakaflinn merktur á milli stöðva 760 og 5500 á meðfylgjandi mynd, sbr. fskj. 1.

Núverandi vegur er um það bil 7 metra breiður með bundnu slitlagi. Ástand slitlagsins og yfirborðs er orðið mjög slæmt en með fyrirhuguðum endurbótum stendur til að styrkja veginn og byggja hann upp sem tvíbreiðan veg með bundnu slitlagi. Gert er ráð fyrir að endurbættur vegur verði 8,0 m breiður (4 metrar frá miðlínu til beggja handa), með 7,8 m bundnu slitlagi og 10 sm malaröxlum og vegfláum 1/3. Hönnun verksins er í samræmi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar og er framkvæmdin liður í að efla umferðaröryggi á vegkaflanum. Unnið er að undirbúningi verksins hjá Vegagerðinni og er áætlað að verkið hefjist í mars 2025 og ljúki í ágúst 2025.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 722/2012 um framkvæmdaleyfi en Vegagerðin mun afla allra tilskilinna leyfa. Framkvæmdir munu hefjast þegar fjárveitingar fást og öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

Skriflegar athugasemdir eða annað sem hagsmunaaðilar vilja koma á framfæri óskast sendar á eftirfarandi pósthfang **innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs** eða á netfangið: [freidis.e.benediktsdottir@vegagerdin.is](mailto:freidis.e.benediktsdottir@vegagerdin.is)

Virðingarfyllst


f.h. Vegagerðarinnar

Freydís Edda Benediktsdóttir

*Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt*

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur/mynd, *Nesvegur, Hafnir – Hafnarsandur, Yfirlitsmynd st. 760-5500*, sbr. fskj. 1.



Landafræði: Veggerðin  
 Höskulettur: ISNBS - Hagkerfið - Landfræðingur  
 Líftíðni: 1:15.000  
 Könnun: Veggerðin

Brotin frá SKYFRINGAR  
 Fylling  
 Ráðgjafi  
 Kæðing  
 Málfræði

Liðsleðari  
 Jarðstrengur

Fastimerki

	Veggerðin	Nesvegur	06.12.2024
	Húsnúmer: 1-15.000 Tegund: Veggerðin Málfræði: MDA Skýring: SGB	Hafnir - Hafnasandur Yfirliðsmynd St. 760 - 5900	Útgáfa: 24-095 Tíðni: 425-01 Tegund: Veggerðin Málfræði: A